

Skólanámskrá

2025 – 2026



II. hluti

Nám og kennsla

7. bekkur

Umsjónarkennarar:
Hildur Ingólfssdóttir
Margrét Ósk Heimisdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Samþætting námsgreina	3
PALS	3
Útinám	4
Námsmat	4
Matsferill	5
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir.....	5
Íslenska	5
Stærðfræði	6
Náttúrugreinar.....	7
Samfélagsgreinar	8
Enska.....	9
Danska	10
Lykilhæfni	11
Heimilisfræði	11
Hönnun og smíði	12
Sjónlist	13
Textílmennt	13
Skólaíþróttir	14
Upplýsinga- og tæknimennt	15
Fjölval	16

Bakgrunnsupplýsingar

Í 7. bekk eru 38 nemendur, 13 drengir og 25 stúlkur. Alls fá nemendur 35 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Hildur Ingólfssdóttir og Margrét Ósk Heimisdóttir. Stuðningsfulltrúi er Grétar Snær Haraldsson.

Aðrir kennarar:

- Íslenska – Hildur Ingólfssdóttir, Margrét Ósk Heimisdóttir og Þorgrímur Guðni Bjarnason
- Stærðfræði – Hildur Ingólfssdóttir, Margrét Ósk Heimisdóttir og Haraldur Haraldsson
- Enska – Hildur Ingólfssdóttir og Margrét Ósk Heimisdóttir
- Danska – Aníta Rós Sigurðardóttir
- Náttúrufræði – Hildur Ingólfssdóttir og Margrét Ósk Heimisdóttir
- Samfélagsfræði – Hildur Ingólfssdóttir og Margrét Ósk Heimisdóttir
- Upplýsingamennt – Hildur Ingólfssdóttir og Margrét Ósk Heimisdóttir
- Íþróttir – Jón Ásgeir Þorvaldsson
- Sund – Hjördís Ólafsdóttir
- Heimilisfræði - Halldóra Ólöf Sigurðardóttir
- Myndlist – Sigrún Birta Eckard
- Smíði – Arnar Ingólfsson
- Textíl – Berglind Harpa Bryngeirsdóttir

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	6 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélags- og náttúrugreinar	6 kennslustundir
Enska	3 kennslustundir
Danska	3 kennslustundir
Fjölval	2 kennslustundir
Smíðjur	4 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Íþróttir	2 kennslustundir
Upplýsingamennt	1 kennslustund
Umsjón	1 kennslustund
Samtals:	35 kennslustundir

Samþætting námsgreina

Námsgreinar fléttast saman á margvíslegan hátt. Þar sem kennt er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla má oft samþætta námsgreinar með góðu móti. Með því er hægt að vinna í fjölbreyttari verkefnum þar sem reynir á færni nemenda á ýmsum sviðum. Þannig fæst greinarbetri mynd af stöðu nemenda, þar sem þeir geta sýnt fram á víðtæka þekkingu sína.

PALS

Lestrarkennsluaðferðin PALS (Peer-Assisted Learning Strategies) er gagnreynd kennsluaðferð sem hefur sýnt fram á marktæk áhrif á lesfimi og lesskilning nemenda. Aðferðin byggir á skipulögðu samstarfi í pörum þar sem nemendur æfa hljóðkerfisvitund, nákvæmni, hraða og flæði í lestri með skýrum verkþrepum og endurgjöf. Aðferðin er notuð í sérstökum lesfimitímum sem eru skráðir í stundatöflu þar sem kennarar leiða markvissa æfingu, fylgjast með framförum og stuðla að jákvæðu námsumhverfi.

Með reglubundinni notkun PALS nýtast styrkleikar jafningja til að efla sjálfstraust og sjálfstæða vinnu samhlíða því að bæta tæknilega færni í lestri.


Útinám

Við leggjum áherslu á að tengja nemendur við sitt nánasta umhverfi og nýtum umhverfi skólans og útikennslusvæðið Narfakotsseylu í nám og kennslu. Útinám er samþætt nám sem getur tengst öllum námsgreinum.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum greinum. Hæfniviðmið eru metin í gegnum verkefni og fær nemandi hæfnitákn fyrir hvert verkefni. Fleiri en eitt hæfniviðmið geta verið metin í hverju verkefni en hæfnitáknið sem nemandi fær fyrir lokið verkefni er heildarmat á öllum hæfniviðmiðum verkefnisins. Í hæfnikortið safnast svo hæfni sem er metin á hverju stigi en nemandi byrjar með autt hæfnikort í 1., 5. og 8. bekk. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.
- **Mjög góð hæfni** ef nemandi hefur náð mjög góðum tókum á hæfniviðmiði
- **Hæfni náð** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið** ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- **Þarfnast þjálfunar** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- **Hæfni ekki náð** ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tókum á því.
- **Ólokið** ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarveru.



Við lok 7. bekkjar eru allar námsgreinar metnar og nemandi fær útprentaðan vitnisburð með bókstaf í hverri námsgrein sem lýsir hæfni nemandans.

A	Mikill meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá og örfá hæfni náð, græn.
B+	Meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá, nokkur hæfni náð, græn og mjög fá á góðri leið, fjólublá.
B	Meirihluti hæfniviðmiða hæfni náð, græn, rými fyrir framúrskarandi, blá og á góðri leið, fjólublá, jafnvel eitt og eitt þarfnast þjálfunar, gult.
C+	Hæfni á góðri leið, fjólublá er ríkjandi. Merkingar fjölbreyttar hjá nemandanum (grænt og blátt sést) og þarfnast þjálfunar, gult sést oft.
C	Meirihluti hæfniviðmiða á góðri leið, fjólublátt. Fá eða engin hæfni græn eða blá og þarfnast þjálfunar sést einnig víða.
D	Meirihluti hæfniviðmiða rauð, hæfni ekki náð. Mjög fáir nemendur eru hér. Alltaf þarf að skrifa skýringu með þessum bókstaf.

Matsferill

Matsferill er safn matstækja sem dregur upp heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda, reglulega yfir skólagönguna. Hlutverk Matsferils er tvíþætt. Annars vegar að fylgjast með framvindu hvers barns og tryggja að það fái viðeigandi kennslu og stuðning og hins vegar að afla upplýsinga um stöðu skólakerfisins í heild. Frá og með skólaárinu 2025–2026 verða stöðu- og framvindupróf í lesskilning og stærðfræði hluti af Matsferli og skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk.

Í Akurskóla munum við nýta próf Matsferils fyrir alla árganga frá 4. til 10. bekk þrátt fyrir að þau séu aðeins skyldubundin í þremur árgöngum. Þannig fá nemendur tækifæri til að taka þátt í námsmati sem veitir innsýn í stöðu þeirra og framfarir og kennarar fá dýrmæt gögn til að styðja við kennslu og íhlutun.

Matsferill styður við hringrás mats og kennslu þar sem niðurstöður eru nýttar til að greina styrkleika og áskoranir, skipuleggja kennslu og veita viðeigandi stuðning. Niðurstöður eru skráðar í Frigg-gagnagrunninn og nýtast til að tengja námsmat við aðrar upplýsingar um farsæld og velferð nemenda.

Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla gegn kynbundnu og kynferðislegu áreitni og ofbeldi fer fram í öllum árgöngum og er stuðst við skýrslu UNESCO ásamt þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Unnið er með ákveðnar áherslur hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.

Áherslur 7. bekkjar eru jafnrétti kynjanna, rómantísk sambönd, kynferðislegt ofbeldi, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.

Íslenska

Hæfniviðið

Hæfniviðið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Nýting miðla - nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt og greint frá aðalatriðum þess.	Einkenni málsins - beitt málfræðibekkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína.	Ljóð - notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá öllum tímum.	Bókmenntaarfurinn - lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótták af sögulegu samhengi.
Skrift og frágangur - miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innsétt á lykilorð og gengið frá texta samkvæmt fyrirbætti.	Orðaforði - beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda.		

Hæfniviðið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Bókmenntagreining - beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir.	Framsögn - flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar.	Tjáning - gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi.	Orðtök og málshættir - notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
Fjölbreytt málnotkun - notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun.	Gögn og hjálparkæmi - nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um tungumál.	Lesfimi - lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta.	Tjáning í texta - tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum.
Orðflokkar - áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjð orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.	Stafsetning og greinarmerkasetning - beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.		

Í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðiðin í íslensku fyrir 5.-7. bekk í fimm flokka; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og lesskilningur, bókmenntir, ritun og mál og málnotkun. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Foreldrar og forráðamenn fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir.

Kennsluefni og gögn

- *Orðspor 3* – Íslenska fyrir miðstig grunnskóla
- *Málrækt 3* – Kennslubók í málfræði fyrir miðstig grunnskóla
- *Töfraskinna* – Bókmenntir fyrir miðstig
- *Þriðji smellur* – æfingabók í læsi
- *Snorra saga* – Íslendingasaga
- Ýmis verkefni frá kennara

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka kannanir og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Heimavinna er sett fyrir eftir þörfum en heimalestur fimm sinnum í viku er skylda. Nemendur fara í Aston Index stafsetningarkönnun í desember. Leshraði er kannaður í september, janúar og maí og notast er við eftirfarandi lesfímiviðmið:

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
7. bekkur	120 orð á mínútu	165 orð á mínútu	190 orð á mínútu

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Reiknihugsun og forritun - notað forritun til að rannsaka gögn í töflum.	Föll - rannsakað og sett fram talnarunur og lýst þeim með myndum, orðum og fallstærðum.	Sannanir - metið hvort sönnun eða einföld rök byggð á stærðfræðilegum eiginleikum eru gild.	Tími og klukkan - beitt jafngildi milli ólíkra tímaeininga til að ákvarða liðinn tíma af nákvæmni.
Reiknireglur - nýtt sér reiknireglur, tengsl reikniaðgerðanna og forgangsroð aðgerða við útreikninga.	Verkfæri - rannsakað, gert tilraunir og teikningar með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.	Mynstur - kannað og búið til rúmfræðileg mynstur og nýtt sér táknmál algebrunnar til að vinna með þau.	Tungumál - notað hugtök rúmfræðinnar til að lýsa eiginleikum hversdagslegra og fræðilegra fyrirbrigða.
Þrívíð form - áætlað og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál þrístrendings, réttstrendings og píramída.	Mælieiningar - beitt tengslum á milli lengdar-, flatar-, rúmmáls-, tíma- og massaeininga metrakerfisins innbyrðis.	Samræður og tjáning - tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna.	Mælingar - áætlað og mælt massa, lengd, rúmmál, hraða, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
Fjármál - nýtt stærðfræði til að takast á við verkefni er tengjast helstu hugtökum persónulegra fjármála og haldið utan um eigin fjármál.	Rannsóknar-vinna - unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að kanna, rannsaka, greina og meta.		

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Þrautlausnir - leyst þrautir og rökstutt svör.	Líkindareikningur - reiknað út líkur í einföldum tilvikum.	Kynningar - undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.	Námundun - nýtt sér námundun við útreikninga með heiltölum og tugabrotum.
Jöfnur og ójöfnur - fundið lausnir á jöfnum með því að nota algengar reiknireglur.	Óþekktar stærðir - notað bókstafi til að tákna óþekktar stærðir og reiknað með þeim.	Sætiskerfi - notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun tugabrota.	Grunnreikni-aðgerðir - nýtt sér grunnreikni-aðgerðirnar fjórar og reiknað með ræðum tölum.
Líkindatíraunir - dregið ályktanir um líkur út frá eigin tíraunum og borið saman við fræðilegar líkur.	Hlutföll - sett hlutfall fram sem almennt brot, tugabrot og prósentu og beitt þeim við rauntengd viðfangsefni.	Verkfæri og hlutbundin gögn - nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	Táknmál og hugtök - notað rétt heiti yfir stærðfræðitákna, nýtt þau af nákvæmni við útreikninga og yfirfært milli táknmáls og daglegs máls.

Í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í stærðfræði í fimm flokka: vinnulag stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, tölfræði og líkindi og rúmfræði og mælingar. Bæði er unnið með hvern þátt fyrir sig ásamt því að þeir eru sambættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Foreldrar og forráðamenn fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir.

Kennslufni og gögn

Efni úr Stiku 3a og 3b og annað efni frá kennara.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka kannanir og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Þróun - nefnt dæmi um náttúruval og aðlögun.	Örverur - nefnt dæmi um gagn og skaðsemi örvera.	Erfðir - skilið að lífverur erfa einkenni forfedra sinna.	Frumur - áttað sig á að frumur eru grunneining lífs á jörðinni.
Nýting orku - rætt dæmi um framleiðslu og nýtingu á orku í daglegu lífi.	Orka - lýst helstu orkuformum og lýst einföldum dæmum um varðveislu orkunnar.	Loftslagsbreytingar - útskýrt gróðurhúsaáhrif og tengsl við loftslagsbreytingar.	Rafmagn og rafrásir - framkvæmt einfaldar athuganir á rafrásum og útskýrt hvernig rafmagn verður til.
Rafmagn og segulmagn - lýst eiginleikum segla og notkun þeirra og kannað eiginleika rafhláðinna hluta.	Einstaklingurinn og umhverfið - rætt valin dæmi um tengsl einstaklinga, nær-umhverfis og umhverfis-mála á heimsýsi.	Eðli vísindalegrar þekkingar - rætt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi.	Flokkun og líffskilyrði lífvera - útskýrt helstu einkenni og líffskilyrði lífvera og tekið dæmi um tengsl þeirra innbyrðis.
Kynheilbrigði - lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.	Tengsl vísinda, tækni og menningar - rætt valin dæmi um samspil tækni, þekkingar og framfara og hvernig hugmyndir manna um heiminn hafa breyst með aukinni þekkingu.		

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Sýrustig - þekkt muninn á sýru og basa.	Hringrásir efna og orku - lýst samspli lífvera og lífvana þátta.	Vísindaleg vinnubrögð - þekkt ferli vísindalegra vinnubragða og unnið eftir þeim í stýrdum verkefnum.	Hugtök - beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum.
Læsi á gögn og náttúruvísindatexta - lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og endursagt með eigin orðum, túlkað myndrit og skoðað myndefni um náttúrufræði, umorðað og nýtt til útskýringa.			

Í Aðalnámsskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í náttúrugreinum í sex flokka: vinnulag náttúruvísinda, umhverfið, lífið, efnin, orkan og alheimurinn. Bæði er unnið með hvern þátt fyrir sig ásamt því að þeir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Foreldrar og forráðamenn fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir.

Kennslufni og gögn

Stuðst er við námsefnið Náttúrulega 3 ásamt ýmsu ítarefni, efni af netinu og efni frá kennara.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi sí mats, þar sem nemendur taka kannanir og leysa fjölbreytt verkefni í hóp eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámsskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk				
Sjálfbær þróun - fjallað um hvað sjálfbær þróun felur í sér.	Lýðræðislegt samstarf - tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.	Saga - fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar.	Sögulegar heimildir - metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.	
Miðlun - miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum mállefnum á fjölbreyttan hátt.	Áhrif mannsins - skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi.	Kynjafræði - beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hins eiginleikans.	Ábyrgð á náttúruvernd - skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.	
Heimabyggð - greint samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð og tengsl við önnur landsvæði.	Fjölskyldan - gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvislegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum.	Áhrif sögu á samtímann - útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.	Gagnrýnar umræður - spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík mállefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.	
Fjármál einstaklings - gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum.	Sjálfsþekking - gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt.	Söguleg þróun - áttað sig á að sagan hefur móttast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélagsskipulagi og atvinnuháttum.	Neyslusamfélagið - lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspori.	
Mannréttindi - rætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.				
Hæfniviðmið úr Aðalnámsskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum				
Hugtök - útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina.	Þarfir - rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og rætt mikilvægar þarfir.	Setja sig í spor annarra - sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.	Tilfinningar - lýst margvislegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.	
Hugarfar - lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska.	Virðing - sýnt virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt.	Upplýsingalæsi - aflað sér upplýsinga um samfélagsleg mállefni úr textum, hjóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar.		

Í Aðalnámsskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í samfélagsgreinum í sex flokka: vinnulag samfélagsgreina, sjálfsmynd, siðferði og trú, borgararvitund, saga og jörðin okkar. Bæði er unnið með hvern þátt fyrir sig ásamt því að þeir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Foreldrar og forráðamenn fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir.

Kennslufni og gögn


- Sögueyjan
- Evrópa og Evrópa vinnubók
- Sjónvarpsþátturinn *Sítengd*
- Ítarefni frá kennara

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka kannanir og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Enska

Hæfniviðmið



Í Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmiðum fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Þá skiptast hæfniviðmiðin í sex flokka: hlustun og áhorf, lestur og lesskilning, samskipti, frásögn, ritun og menningarläsi. Bæði er unnið með hvern þátt fyrir sig ásamt því að þeir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Foreldrar og forráðamenn fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir.

Kennsluefni og gögn

- Verkefni frá kennara byggð á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár
- Yes we can 7 les- og vinnubók (málfræði og ítarefni)
- Ýmis myndbönd, tónlist og fréttafni tengd efni kennslunnar.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka kannanir og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Danska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Tjáning - tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt.

Persónuleg reynsla - skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel.

Flutningur - flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

Almenn samskipti - tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum.

Frásagnir og kynningar - skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim.

Skuldleiki og afbrigði tungumála - sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Samfélag - sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins.

Orðaforði - lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.

Greining upplýsinga - hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.

Óformlegt samtal - spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.

Samfelldur texti - skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við.

Greining aðalatriða - fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmiðum fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Þá skiptast hæfniviðmiðin í 6 flokka: hlustun og áhorf, lestur og lesskilning, samskipti, frásögn, ritun og menningarlesi. Bæði er unnið með hvern þátt fyrir sig ásamt því að þeir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Foreldrar og forráðamenn fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir.

Kennslufni og gögn

- Verkefni frá kennara byggð á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár
- Start les- og vinnubók og hlustunaræfingar
- Smart les- og vinnubók ásamt hlustunaræfingar
- Ýmis myndbönd: danskir þættir, tónlist og annað sem tengist námsefninu
- Start leikjavefur: <https://vefir.mms.is/start/> og önnur verkefni á veraldarvefnum
- Duolingo – app í síma eða vefsíða með gagnvirkum æfingum

Námsmat

Símat allt árið þar sem nemendur vinna að verkefnum, bæði einstaklings og hópa verkefni. Lagt verður áhersla á fjölbreytt verkefni sem tengjast hæfniviðmiðunum.

Lykilhæfni

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Rökræða - fært rök fyrir ólíkum skoðunum.	Ábyrgð - tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með tilliti til annarra.	Ályktun - tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga og dregið eigin ályktanir.	Gagnrýnin hugsun - bent á ólík sjónarhorn og tekið rökstudda afstöðu í málum af fjölbreyttu tagi.
Spyrjandi hugarfar - spurt fjölbreyttra spurninga og nýtt þær til rannsóka á fjölbreyttum fyrirbærum.	Áreiðanleiki - áttað sig á hvert á að leita til að afla áreiðanlegra upplýsinga og miðlað þeim áfram á réttan og ábyrgan hátt.	Upplýsinga-öflun og miðlanotkun - nýtt fjölbreytta miðla til upplýsingaöflunar og tekið upplýsta afstöðu til áreiðanleika þeirra.	Vandvirkni og nákvæmni - skilið að framsetning og gæði upplýsinga er háð mörgum þáttum og þekkt mikilvægi þess að vanda val og notkun á heimildum.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Miðlun - valið úr ólíkum leiðum til miðlunar.	Tjáning - tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran hátt.	Sjálfstæði - sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.	Leiðsögn - nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum.
Árangur og sjálfsþekking - skilið viðmið um árangur og unnið að þeim.	Samskipti - rædd um viðfangsefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn.	Orðaforði - aukið orðaforða sinn og beitt honum á ólík umfjöllunarefni.	Ígrundun - metið nám sitt skipulega og sett sér markmið um viðfangsefni eða hæfni.
Samstarf - gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og lagt sitt af mörkum.	Samvinna - unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi.	Tillitssemi - brugðist við upplýsingum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.	

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Í Aðalnámskrá Grunnskóla eru hæfniviðmiðum í lykilhæfni skipt í fimm flokka: tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Hæfniviðmið í lykilhæfni eru tengd öðrum námsgreinum.

Kennslufni og gögn

Lykilhæfni er samofin öðrum námsgreinum.

Námsmat

Hæfniviðmiðum lykilhæfninnar er samþætt með verkefnum í öðrum námsgreinum og metin með einstaklingsvinnu og/eða hópvinnu.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Kolefnisspor - áttað sig á gildi þess að neyta matvæla með sem minnst kolefnisspor.	Umhverfi - sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.
---	--

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Hreinlæti - öðlist færni í hreinlæti og þrifum tengdu matreiðslu.	Matreiðsla - matreitt einfaldar og hollar máltíðir út frá ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis.	Næring - skilið og tjáð sig á einfaldan hátt um aðalatriði ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis.	Vinnubrögð - unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúshöld og skilið gildi viðeigandi frágangs.
---	--	--	---

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með verkefnum sem hafa tengsl við ofangreind hæfniviðmið en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá nýtt hefti og fá því kennslu í að matreiða á nýstálegan og fjölbreyttan hátt. Þá inniheldur heftið samþættingu á dönskum og enskum uppskriftum, stærðfræði að stækka og minnka uppskriftir ásamt tilraunum á efnafæðilegum

verkefnum í tengslum við mat. Nemendur læra um jafnrétti og sjálfbærni og átta sig á uppruna helstu matvæla og kolefnaspor þeirra.

Kennslufni og gögn


Gott og gagnlegt 3 les- og vinnubók, ásamt efni af vef og bækur frá kennara. Ýmis áhöld úr kennslueldhúsi ásamt hráefni.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Námsmat er á formi símats á einstaklings- og hópverkefnum í tímum.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið



Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d. með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Kennslufni og gögn


Gögn og áhöld frá kennara.

Námsmat

Mat á hæfniviðmiðum út frá verkefnum og vinnu í tíma.

Sjónlist

Hæfniviðmið



Í myndmennt læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins

Kennslufni og gögn


Ýmis áhöld og efni myndmenntarstofunnar. Ljósrit af verkefnum sem henta myndmenntarkennslu. Skjávarpí, bækur og ljósrit.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Textílmennt

Hæfniviðmið



Textílmennt þjálfar nemendur í fínhyrningum, samvinnu og eflir þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tækni hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Kennslufni og gögn

Bækur og gögn frá kennara.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur sýna öðrum virðingu og góða framkomu í tímum.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið íþróttir

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Heilsuefning - sýnt almenna þekkingu á heilsuefandi lífni.	Markmiðasetning, íþróttir - sett sér langtíamarkmið í íþróttum.	Markmiðasetning, heilsurækt - sett sér langtíamarkmið í heilsurækt.	Líffræðiþekking - tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.
	Markmiðasetning, hreyfifærni - nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að vinna að eflingu hreyfingar.	Útivist - skipulagt að einhverju leyti útivist í fjölbreyttu landslagi, tekið þátt, fylgt áætlunum og varast hættur sem fylgt geta.	

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Virkni - tekið þátt og sýnt virkni í leikjum.	Skyndihjálpar - framkvæmt grunnatriði skyndihjálpar.	Tilfinningar - skilið mikilvægi jákvæðra samskipta.	Þol - gert æfingar sem reyna á loftháð þol í íþróttum.
Hópiþróttir - tekið þátt í mismunandi hópiþróttagreinum.	Einstaklingsíþróttir - tekið þátt í einstaklingsíþróttum.	Taktur - gert einfaldar rytmískar æfingar og fylgt takti.	Háttvísi - farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik.
Líðleiki - gert æfingar sem reyna á líðleika og hreyfigetu.	Samhæfing - sýnt útfærslu hreyfinga þannig að þær renni vel saman.	Mælingar - notað mælingar til að leggja mat á lipurð og samhæfingu.	Heilsurækt - tekið þátt í alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla.
Leikreglur - þekkt helstu leikreglur í leikjum, hóp- og einstaklingsíþróttum.	Styrkur - gert æfingar með eigin líkamsþyngd sem reyna á styrk og stöðugleika.	Stöðluð próf - nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti.	Hreinlæti - skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.
Útivistarbúnaður - valið viðeigandi fatnaður og mikilvægan búnað til útivistar og nýtt hann.	Virkni - skilið mikilvægi stundvísi, aga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur.	Öryggisreglur - gert sér grein fyrir mikilvægi helstu öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óhöppum.	

Hæfniviðmið sund

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Þol í vatni - troðið marvaða í hálfu mínútu.	Þolsund - gert æfingar sem reyna á loftháð þol í 300 metra sundi.
--	---

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Heilsuefning - eflit eigin heilsu í vatni.	Fjölbreyttar undaðferðir - beitt fjölbreyttum undaðferðum.	Kafsund - sýnt leikni og synt 8 metra kafsund viðstöðulaust.	Baksund - sýnt leikni og synt 25 metra baksund viðstöðulaust.
Skriðsund - sýnt leikni og synt 25 metra skriðsund viðstöðulaust.	Bringusund - sýnt leikni og synt 25 metra bringusund viðstöðulaust.	Sprettsund - gert æfingar sem reyna á loftfirt þol í 12 metra sundi.	Björgunarsund - synt björgunarsund með jafningja að lágmarki 12 metra.

Í Aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni/kennslugögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með leikfimis- og sundfatnað.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Stafrænn stuðningur - nýtt stafrænan stuðning í námi.	Hljóðvinnsla - nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu.	Ljósmyndir og kvikmyndun - nýtt tæki og hugbúnað við ljósmyndun og stuttmyndagerð.	Myndvinnsla og myndsköpun - nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.
Heimildanotkun - unnið með heimildir í samræmi við höfundarrétt og sett fram einfalda heimildaskrá.	Upplýsingaleit - nýtt leitarvél, gervigreind og önnur verkfæri á síðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar.	Notkun hugbúnaðar og einföld forritun - nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun.	

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Netmiðlun - nýtt hugbúnað við netmiðlun.	Varðveisla gagna - flokkað og vistað gögn á öruggan hátt.	Kynningarefni - nýtt hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga.	Vinnsla tölulegra gagna - nýtt hugbúnað við gagnasöfnun og framsetningu á tölulegum gögnum.
Tölvur og snjalltæki - nýtt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og jaðartækja til menntunar.	Ritvinnsla - nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.	Greining og úrvinnsla gagna - lagt mat á gæði ýmissa upplýsinga og áttað sig á fjölbreytileika stafræns efnis.	Stafrænt fótspor og auðkenni - rætt og útskýrt að öll netnotkun einstaklinga skilur eftir sig spor í stafrænu umhverfi til langframa.
Jafnvægi í stafrænni notkun og vellíðan - hugað að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gert sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjá tíma.	Samskipta-reglur, orðræða og virðing í stafrænum samskiptum - nefnt helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekið ábyrgð á eigin nethegðun og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.	Fríðhelgi og öryggi - gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og fríðhelgi einkalífs í stafrænu umhverfi og áttað sig á hverjum sé hagr af því að safna stafrænum upplýsingum.	Virðing í stafrænu umhverfi - gert sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkt vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti.

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmiðum í upplýsinga- og tæknimennt skipt í fjóra flokka: upplýsinga- og miðlalæsi, sköpun og miðlun, stafræn borgaravitund og lausnaleit. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan námsgreinar eða námssviðs heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Kennsluefni og gögn

Kennsluefni er tengt hæfniviðmiðum og unnið samkvæmt þeim. Nemendur nýta tölvur í tölvuveri og Spjaldtölvur og vinna mest allt gegnum í Microsoft Office og þeim forritum sem fylgja því. Einnig er mikið unnið á netvöfrum s.s. Google og Microsoft edge, svo og teikni- og myndaförrið ýmiskonar.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna og verkefni í tíma er metin. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Fjölval

Kennslulýsing: Nemendum á miðstigi er skipt í hóp. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir velja hvaða stöð þeir vilja fara á og eru á þeirri stöð í 4 vikur og þá er valið aftur.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni Aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 7. bekkjar geti:

- tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran hátt.
- fært rök fyrir ólíkum skoðunum.
- sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með tilliti til annarra.
- sett sér markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar.
- tengt eigin áhuga fjölbreyttum námsleiðum og störfum.